



FRÉTTABRÉF

FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

September 2025



Frá afmællissýningu Félags trérennismiða
- 30 ÁR -



Höf: Engilbert Gíslason

Mikið er hann fallegur austurhiminn þennan unaðslega september morgun. Já himinninn er malerískur eins og þjóðþekktur listmálari lét sér um munn fara í samtali við annan meistara.



Nýtur sín vel á kaffistofunni í Snúið og skorið.

Ég er á leið minni af Álftanesinu í Snúið og skorið í Dalshrauni 12 í Hafnarfirði. Í Dalshrauninu hafa hreiðrað um sig nokkrir félagsmenn úr Félagi trérennismiða og skipta bróður- og systurlega með sér plássinu en alls eru það 11 listamenn í trélistum en aðallega trérennismiði.

Ég hef mælt mér mót við eitt af þessum andlitum sem við sjáum gjarnan á fundum Félags trérennismiða, andlitið er Júlíana Ómarsdóttir.

Júlíana er fædd í Reykjavík á því herrans ári 1972 og er því ein af yngri félögum okkar. Júlíana var ekki nema fjögurra ára gömul þegar fjölskyldan flytur á Akranes og þar með hefjast mótunarárin. Eftir leik og starf og þroskaár á Skaganum er Júlíana þá átján ára gömul komin aftur til Reykjavíkur þar sem leikstjólastarf beið hennar.

Eitt leiðir af öðru og áður en varði er Júlíana komin í háskólann í leikskólakennara nám og nú rétt tekin við starfi deildarstjóra á leikskóla.

Trérennismiði, hvar kemur sú árátta inn í líf Júlíönu? Og merkilegt nokk, það var í háskólanum sem þau vísindu opnuðust mér segir Júlíana.

Heyrði ég rétt? Jú það gerði ég víst, því nú upplýsir Júlíana mig um að þegar kom undir lok náms hennar og meistaranámsins urðu á vegi hennar nokkrir valáfangar innan menntavísindasviðs og einn þeirra var trérennismiði.



Hver annar en hann Eddi okkar gætir vefkfæranna.



Júlíana stillir upp nýja bekknum sínum.

Ég átti á lausu 30 einingar sem ég mátti nota á þessu sviði og boltinn fór að rúlla. Í skólanum hafði ég aðgang að rennibekknunum utan skólatíma og varði öllum lausum stundum í að æfa mig í rennslinu. Ég var svo heppin að á þessum aukastundum sem ég hafði við bekkinn var þar maður sem miðlaði mér af þekkingu sinni í trérennsli.

Ekki leið á löngu uns ég komst að tilveru Félags trérennismiða og mætti á minn fyrsta félagsfund, naut þar hverrar mínútu eins og sagt er og auðvitað gerðist ég félagi í þessum merka selskap.

Eftir námið í Háskólanum hef ég sótt nokkur námskeið í Handverkshúsinu sem eru endalaust gefandi og svo hafa félagar mínir hér í Snúið og skorið verið mér einstaklega hjálplegir og leiðbeinandi.

Það er nokkuð þekkt í þróuðum samfélögum að ungt fólk og reyndar fólk á ýmsum aldri kveðji borgarysinn og leiti í kyrrðina í útjörðum borga eða í nálæg sveitarfélög. Það er einmitt það sem okkar kona er nú að gera, Skaginn dregur og þar verður bólfestan þó dagleg vinna verði áfram í höfuðborginni og rennibekkurinn og félagsskapurinn í Dalshrauninu verður á sínum stað í tilverunni.

Júlíana hefur verið ötul við trérennslið og lætur sig ekki vanta með framleiðsluna á hina ýmsu markaði þar sem pláss býðst fyrir söluaðstöðu með handverk.

Eftir góða samveru í Dalshrauninu við kaffidrukk og spjall um lífið og trérennslið var kominn tími til að líta aftur til maleríska himninsins á heimleiðinni en við Júlíana áttum aftur góðan hitting nokkrum dögum seinna á laugardagsmarkaði handverksfólks í verlsunarmiðstöðinni á Eiðistorgi. Júlíana var þar við sölu á handaverki sínu ásamt félögum sínum þeim Erni og Binna af Dalshrauninu.



Nýkomin heim frá Noregi þar sem bróðir hennar hjó tré í eina ferðatösku.



Kát á markaði.



Júlíana í góðum félagsskap á markaði.



Afraksturinn.



Hultafors

Handverkfæri í úrvali

vfs.is





SKANNAÐU OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

**VERKFÆRA
SALAN**

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32A, KÓPAVOGI • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • FITJÁBRAUT 2, REYKJANESBÆ • 560 8888 • vfs.is



STJÓRN FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

ANDRI SNÆR ÞORVALDSSON, *formaður* / GUÐMUNDUR JÓN STEFÁNSSON (Muggi), *gjaldkeri*

ÖRN RAGNARSSON / MAGNÚS KRISTMANNSSON / JÚLÍANA ÓMARSÐÓTTIR

Varamenn: BJARNI ÞÓR KRISTJÁNSSON / GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

GLUGGAGÆGIR

Dagana 1. til 15. Apríl s.l. bauð Félag trérennismiða uppá sýningu á trérennsli í tilefni af 30 ára afmæli félagsins. Í verslunarmistöðinni á Eiðistorgi hefur Handverk og hönnun verið með aðstöðu sem bauðst félagi okkar til afnota í tilefni afmælisins.

Félagsmenn skiptu með sér að standa rennivaktina í tvennu lagi dag hvern frá klukkan 10-12 og klukkan 14–18.

Því miður blasti glugginn ekki nægilega vel við gestum hússins og fóru því margir á mis við þessa flottu kynningu. Gott væri fyrir félagið að eiga stand sem borið getur auglýsingu um viðburði sem við bjóðum uppá á vítt og breitt. Ekki væri verra að standarnir væru tveir því annar hefði í þessu tilfelli mátt vera innan dýra og vísað veginn að rýminu.

Pegar ritstjóri leit við síðdegis sunnudaginn 6.apríl var félagi Bjarni Þór Kristjánsson að renna heljarmikla sallatskál.

Þann 23.apríl var síðan opnað inn í rýmið og þar gat að líta margt föngulegra muna sem félagsmenn hafa skapað bæði með trérennsli og útskurði og stóð sú sýning til 30.apríl. Þann tíma sem ritstjóri staldraði við þá er munasýningin stóð yfir var töluvert rennirí forvitinna og ekki síst á unga aldri. Þessi áhugi yngri kynslóðarinnar er athyglisverður og má örugglega reikna með því að ævintýraheimur trérennslisins muni blunda með þessum ungu mönnum og verða að veruleika síðar í þeirra lífi.



Bjarni við bekkinn.



Sýningargripir.



Áhugasamir framtíðar rennarar.



Séð inn um gluggann.



Sköpun.



Rennibekkur og afköst dagsins.

HUGLEIÐING RITSTJÓRA

Engilbert Gíslason



Mér sem áhugamanni um handverk allskonars er annþ um veg handverksins og mikilvægi þess að halda því á lofti. Handverk er eitthvað sem allskonar fólk eins og ég og þú kemur að, skapar hluti sem gleðja augað og tengjast við stað og tíma og þar með menningu fólksins sem byggir svæðið eða landið.

Sem innlegg í þessa hugsun langar mig að birta hér hluta úr grein fyrrum formanns okkar Ingólfs heitins Gísla Ingólfssonar "Björk – lífstré Íslendinga" enda fellur hún vel að hugrenningum mínum og annarra um þetta málefni.

Birki sem efniviður í rennismiði

"Orðið birki er samheiti en björk er notað yfir einstakt tré og þýðir hið ljósa eða bjarta tré.

Viður bjarkartrjáa hentar afar vel til rennismiða. Viðurinn er bæði fallegur og auðunnin. Það er því mikil synd að oft á tíðum er miklum vandkvæðum bundið að fá keypt birki til mismunandi nota. Erlent birki fæst hér á landi aðeins með höppum og glöppum og þegar það hefur fengist hafa gæðin oftast en ekki verið slæm.

Ugglaust eru margar ástæður fyrir því að innflutningur á birki er jafn fátæklegur og raun ber vitni en það verður ekki rætt hér. Hins vegar er þarft mál og nauðsynlegt að ráða bót á þessu hið fyrsta. Íslenska birkið er til margra hluta besta hráefnið en vegna smæðar sinnar er langt í land með að hægt sé að nota það til allra smíða og er því innflutningur nauðsynlegur í einhverjum mæli næstu áratugina.

Vert er þó að undirstrika strax að birkið okkar íslenska er í sjálfu sér miklu verðmætara hráefni en erlent og eins er hægt að nýta það betur og á fleiri vegu en flestir hafa gert. Hér gegnir rennibekkurinn lykilhlutverki. Ætlan mín hér í fáum orðum er að reyna að lýsa birki sem hráefni fyrir rennismiði, kostum þess og göllum. Einnig verður hér fjallað um yfirborðsmeðferð, geymslu og þurrkun á birki. Íslenska birkið er hreinasta gersemi til að vinna úr ýmiskonar listhandverk og er þar með talin rennismiði.

Mönnum verður stundum tamast að meta íslenska birkið og tala um galla þess út frá sjónarmiðum sem hafa með fjöldaframleiðslu og iðnað að gera. Ef menn halda sig við það er auðvitað einsýnt að íslenska birkið er ódrjúgt og hefur ákveðna galla vegna smæðar sinnar. Hins vegar er listhandverk ýmiskonar af allt öðrum toga. Þá getur það sem telst gallar og ókostir í iðnaði orðið til að auka á gæði listmuna og skapa þeim fagurfræðilega sérstöðu. Þannig hjálpar það til að gera hvern einstakan hlut öðruvísi en annan, jafnvel þótt hann sé framleiddur í mörgum eintökum.

Kvistir, yfirvöxtur, sveipir, vaxtarskekkja og aðrar viðarskemmdir samkvæmt hefðbundinni skýringu eru í mörgum tilfellum ómetanleg verðmæti í höndum góðs handverks manns. Hvert tilfelli fyrir sig býður upp á nýja hugsun og sjálfstæða framkvæmd og eykur þannig á gæði formsköpunar og gefur handverkinu aukið vægi. Efnisnotkun á þennan hátt er auðvitað tímafrek en þessi

vinnubrögð eru veigamikill hluti af góðu handverki og nauðsynlegur þáttur þess hafi menn metnað til að bætt sig og búa til handverk á háustigi.

Gott handverk er umfram allt fagurfræðileg sköpun og þar er val á efni og meðhöndlun þess einn grundvallarþáttur þess að meistaraverk geti orðið til. Það er staðreynd að handverki er að vaxa fiskur um hrygg bæði hér á landi og víða annars staðar. Þetta er ánægjuleg og löngu tímabær þróun, þróun sem væntanlega verður varanleg og einnig að handverk verði bráðlega mikilu útbreiddara en það nú er.

Ástæðurnar fyrir þessari vakningu á handverki eru margvíslegar en það er ekki efni þessarar greinar. Eitt skulum við samt hafa hugfast en það er að margir einstaklingar og opinberir aðilar sjá hér umtalsverða möguleika til atvinnuþróunar í framtíðinni; Aukin þekking á handverki meðal Íslendinga sjálfrá leiðir til þess að fólk verður smátt og smátt meðvitað um ótvíræð gæði þess umfram fjöldaframleidda vöru og þannig stækkar væntanlega innlendur markaður jöfnum höndum. Annað er að fjöldi erlendra ferðamanna eykst stöðugt hér og ef ég man rétt þá er áætlaður fjöldi þeirra eitthvað á þriðja hundrað þúsund á þessu ári.

Þessi markaður er því stór á okkar mælikvarða og afar vannýttur á þessu sviði. Erlendar smáþjóðir, sem þó eru allar margfalt fjölmennari en við, hafa lagt mikla vinnu og fjármagn til að rannsaka eðli þessa markaðar og reyna að rýna inn í framtíðina hvað þetta varðar. Allar ályktanir og skoðanir sem ég hef komist yfir um þessi mál leiða að sömu niðurstöðu. Ferðamenn koma ekki til Danmerkur eða Noregs til að kaupa minjagripa sem allteins er hægt að kaupa í öðrum löndum.

Ferðamenn eru að leita að einhverju sérstöku, einhverju sem er alveg sérstakt fyrir þá þjóð sem þeir eru að ferðast til. Þessi tilhneiging á eftir að vaxa og verða þýðingarmeiri og raunar afgerandi þáttur í sölu ferðamannavarnings. Þessi atriði segja okkur meira en margt annað um mikilvægi þess að nýta sér íslenskan efnivið í framleiðslu minjagripa. Íslenska birkið er afar sérstakt hvað þetta varðar í raun afar ólíkt því innflutta birki sem við eigum að venjast.

Það út af fyrir sig að búa til hluti úr íslensku hráefni, sem ekki er fáanlegt erlendis, hefur því mikla þýðingu. En hvað er það við íslenska birkið sem gerir það svo sérstakt? Það er fyrst og fremst miklu hægari og jafnari vöxtur heldur en er í því erlenda sem fáanlegt er á mörkuðum. Ég hef haft undir höndum birki sem vaxið var í nágrenni Tromsö í Noregi og var mismunur á sumar- og haustvexti áberandi meiri en í því íslenska.

Ég hef heldur aldrei haft í höndum mér erlent birki sem nær því að vera jafnljóst að lit og það íslenska. Hvort hér er um eðlislægan litarmun að ræða eða hvort hann er tilkominn vegna vaxtarskilyrða eða meðhöndlunar veit ég ekki."

Hugleiðingar Ingólfs heitins í þessum efnunum eru mun lengri og bíða frekari birtingar hér.



FRÉTTABRÉF
FÉLAGS
TRÉRENNISMIÐA
Á ÍSLANDI

Ritstjóri: Engilbert Gíslason

Pistlahöfundar: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson

Ljósmyndir: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson

Umbrot & Prentun: Prentun.is • Bæjarhrauni 22

ÞÝSKALANDSFERÐ TRÉRENNISMIÐA

Örn Ragnarsson



Hvað rekur tíu karla og þrjár konur í ferð til Þýskalands um mitt sumar? Jú, það er þessi ástríða fyrir því að læra meira, ná lengra og verða betri rennismiður. Mávurinn Jónatan Livingstón æfði sig og æfði í viðleitni sinni til að ná fullkomnun. Rennismiðirnir tíu eru ekki alveg komnir á fullkomnunarstigið og ákváðu því að fara á námskeið til DNS í Þýskalandi. Námskeiðið í fyrra, sem var fyrsta námskeiðið sem hannað var sérstaklega fyrir Íslendinga, hafði nefnilega heppnast svo vel að það þótti ástæða til að endurtaka.

Það var þann 30. júní sem að þessu sinni var mánudagur var haldið af stað og flogið til Frankfurt. Þar tókum við þrjá bílaleigubíla. Brasið við að fá bílana afhenta er alveg kapituli fyrir sig. Örn hafði bókað þrjá bíla en Þjóðverjinn átti bágð með að skilja hvernig einn maður gæti bókað þrjá bíla þar sem hann gæti bara ekið einum en allt hafðist þetta að lokum. Og við tókum stefnuna á Schönaú en þar var ætlunin að gista meðan á dvölinni stæði. Hugmyndin var að halda hópinn en ökumennirnir fóru hver sína leið en á leiðarenda komumst við þar sem Shanta tók vel á móti okkur.



Andrés komst í feitt.



Ferðahópurinn.



Lýður borar í bekknum.



Glaðbeittir nemar.

Daginn eftir, að loknum morgunverði, var ekið út í óvissuna en meiningin var að heimsækja Thomas Hutzelmänn nokkurn. Hann þurrkar og verkar við fyrir rennismiði og selur um alla Evrópu. Enn var meiningin að halda hópinn það tókst ekki en við náðum á leiðarenda nokkurn veginn á sama tíma. Hutzelmänn tók á móti okkur með bros á vör því hann mundi vel eftir heimsókninni í fyrra. Kona hans bauð upp á kaffi og bjór. Hann sýndi okkur það helsta í starfsemi sinni en svo var mannskapnum hleypt í að versla. Og það var eins og áður að kalarnir voru eins og börn í sælgætisbúð. Margir keyptu mikið og allir eitthvað auk þess sem við máttum hirða úr ruslakassanum. Þar lágu ýmsir nýtilegir kubbar.

Á miðvikkdagsmorgun hófst námskeiðið. Við vorum mættir fyrir klukkan átta til Neckarsteinach sem liggur 6 km frá Schönaú og er við ána Neckar. Martin kynnti sig og við kynntum okkur og svo var hafist handa. Meginþema námskeiðsins var notkun heflisins. Það er verkæri sem margir forðast og óttast. Fyrstu klukkutímuna var verkefnið að spæna niður æfingakubbana og forma með ýmsu móti. Einnig komu við sögu skrubbur og baugjárn. Afrakstur dagsins var lítið tré, eiginlega jólatré eins og þeir í austaverðu Þýskalandi túlka þau. Námskeiðinu lauk þann daginn ekki fyrr en klukkan að verða sex. Þess má geta að hádegishléið er klukkutími og korter. Við fórum og fengum okkur að borða á Schwanen sem



Nemarnir og afraksturinn.

liggur niður við ána, en einnig eru teknar frímínútur til að fá sér kaffi og meðði. Það var ekki laust við að sumir væru orðnir lúnir í dagslok.

Daginn eftir var haldið áfram með hefilinn en fljótlega var tekin stefnan á loka produktið sem var þessi líka forlata múskaðkvörn. Tvær viðartegundir, dökkur viður í efri hlutann og ljós í neðri hlutann. Ég valdi mér hnotu og ask. Hlutarnir voru skrúfaðir saman með innfelldum koparhringjum með gengjum. Þetta var all nokkurt fündur og mikil nákamnisvinna. Svo þurfti náttúrulega að koma malverkinu fyrir. Að lokum var svo sérstök yfirborðsmeðferð sem fólst í að bursta eða ýfa upp viðinn með vírbursta. Má segja að fyrir mig að minnsta kost var þetta nýbreytni sem vert verður að prófa aftur hér heima. Yfirborðsefnið var svo olía (finishing oil).

Meðan beðið var eftir að olían tæki sig og þornaði lítið eitt, nýtti Martin tímann til að sýna brýnslu á nokkrum járnnum í systemi sem kallast FlexiGrind, en það er hannað og þróað af DNS. Svo lauk námskeiðinu formlega með venjubundnum hætti. Rjómaís og snafs.

Það má líka geta þess í lokin að konurnar þrjár sem voru fylgifyskar manna sinna, náðu svo vel saman og nutu dvalarinnar



Áhugasamir nemar.



Myllugerð.

svo rækilega að það var ekki einu sinni hægt að freysta þeirra með búðarápi.



Föstudagurinn rann svo upp bjartur og fagur. Við héldum til Frankfurt þar sem ég skildi við hópinn því við Guðlaug ætluðum að skoða Móseldalinn í svona viku tíma. Ég var ánægður með ferðina og vona að félagar mínir hafi notið og lært eitthvað. Það mætti hugsa sér að fara á fleiri svona námskeið ef áhugi er fyrir en það eru seinni tíma tvíbökur.

Röggi ehf.

Smíðshöfða 12. 110 Reykjavík
Sími 5868000 www.roggi.is
verslun@roggi.is
Þjónusta við lðnaðinn

Lofpressur, trésmíðavélar, borvélar, Rennibekkir Bandsagarblöð, sagnarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn, sporjárn.

Öllverð á heimasíðu www.roggi.is



17.JÚNÍ Í SKÚRNUM

17.júní er dagur líðveldisins okkar og tilvalinn til heimboða eftir ræðu forseta á Austurvelli.

Handverkshópurinn í félagsskapnum Karlar í skúrum í Hafnarfirði tók sig til og skúraði út og bónaði og bauð til heimsóknar.

Þann tíma er ritstjóri staldraði við var stríður straumur áhugasamra karla, kvenna og barna á staðinn. Á staðnum kenndi margra handverks grasa, ekki bara snúningur, þar gaf að líta útskurð, tálgun, málverk, leður- og járn vinnu allskonar. Nokkrar myndir sýna ögn af því sem fyrir augu bar.



Til sjós og lands.



Áhugasamir.



Bollavörður.



Skúrin.



Allskonar.



Karlar í tré.



Gestir og sýndur.



Járnið og fuglarnir.

Kristján Örn Jónsson.

1. Fánastöng unnin úr öxulstáli
2. Sjórmaður unnin úr 0,5 m/m blikki
3. Handavinnukona unnin úr samansoðnum 3m/m mótavir
4. Píandléikarinn (rokkarinn) unnin úr samansoðnum 3m/m mótavir
5. Óðinshani á tjörn
6. Skarfur á staur
7. Rjúpa í vetrarbúningi

Járnið og fuglarnir - upplýsingar.

Úrval af handverkfærum,
handfræsitönnum, sandpappír o.fl.



HEGAS | Smiðjuvegi 1 | 200 Kópavogur | hegas.is



NÁMSKEIÐ

BRÝNSLA

RENNIJÁRN

RENNIBEKKIR

PATRÓNUR

ÍHLUTIR

YFIRBORDSEFNI


HANDVERKS
HÚSIÐ

TRÉRENNSLI HEFUR VERIÐ OKKAR ÆR OG KÝR SÍÐAN 1996

HANDVERKSHÚSIÐ RAUÐAGERÐI 25
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18 OG LAUGARDAGA 12-16
ALLTAF OPIÐ Á HANDVERKSHUSID.IS



Við erum flutt í Grafarvog, hlökkum til að sjá ykkur!



Þína Fást

www.signa.is / signa@signa.is / 544 4545 / Bæjarflöt 19, 112 Rvk

Innviðir

-OLÍUR & VAX-
frá WALRUS OIL

BJÓÐUM UPP Á
MIKIÐ ÚRVAL AF
HARÐVIÐ



Smíðjuvegur 36

Rauð gata

Sími: 564 3636

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Félags trérennismiða var haldinn þann 29. mars s.l. Félagið lifir góðu lífi enda hefur stjórn félagsins með Örn Ragnarsson í formannssæti verið ötul við fundahöld og kynningar á listisemdum trérennslisins víf og breitt um landið. Efnahagur félagsins er jákvæður enda vel farið með fé.

Fréttabréf félagsins upp á 12 síður í A4 formi kemur reglulega út yfir vetrarmánuðina og er sent á alla félagsmenn auk þess er blaðinu dreift til allra skrifstofa sveitarfélaga á landinu. Þá hefur restin af upplaginu hverju sinni fengið pláss í hillum Fjarðarkaupa sem ætlaðar eru til dreifingar á friðlöðum allskonar. Auglýsingar standa að mestu undir útgáfunni en skaðaði ekki að þær gæfu aðeins meira í aðra hönd.

Félagsfundir hafa að undanförunni verið sendir út á netinu fyrir þá sem ekki eiga heiman gengt og öðrum til fróðleiks. Slóðin má

finna inná Facebook síðunni Félag trérennismiða. Aðalfundurinn samþykkti að félagsgjaldið fyrir árið 2025 yrði kr. 5.000,-

Að lokum fór fram stjórnarkjör og að venju er borinn upp tillaga til Stjórnarkjörs með nöfnum allra sem gefið hafa kost á sér til stjórna. Ný stjórn er kosin í einu lagi og skiptir síðan með sér verkum að aðalfundi loknum. Vegna anna baðst Örn Ragnarsson undan endurkjöri til formanns en við tók Andri Snær Þorvaldsson.

Stjórnina skipa: Andri Snær Þorvaldsson formaður, Guðmundur Jón Stefánsson (Muggi) gjaldkeri, Júlíana Ómarsdóttir, Magnús Kristmannsson og Örn Ragnarsson. Varamenn: Bjarni Þór Kristjánsson og Guðmundur Magnússon. Að venjulegum aðalfundarstörfum loknum var hefðbundin dagskrá með hugðarefnum félagsmanna sem lauk að sjálfsögðu með vinarbrauðum og rjúkandi kaffi hjá Sigurði Má Helgasyni veitingastjóra.

KÍKT Í SKÚR



Örninn er lentur.



Þorgeir hugsar.



Snilldargæjur.

BYKO

**FÉLAGI Í
FRAM
KVÆMDUM
%**



Skráðu þig hér
Allar upplýsingar á byko.is

**30% INNIMÁLNING
25% HARÐPARKET
25% FLÍSAM
25% LJÓS & RAFMAGN
25% BAÐINNRETTINGAR
25% INNIHURÐIR
10% HEIMILISVÖRUR
10% BYKO LEIGA
OG FJÖLDI ANNARRA VÖRUFLOKKA**

VIÐ VILJUM AUÐVELDA ÞÉR LÍFIÐ
Í **FRAMKVÆMDUM!** VIÐ VITUM
HVAÐ ÞÚ ÞARFT TIL ÞESS AÐ **BREYTA,
BÆTA EÐA FEGRA HEIMILIÐ.**
VIÐ HÖFUM ÞVÍ SETT SAMAN
SÉRSTAKAN AFSLÁTT FYRIR ÞIG.

Þú sérð alla þína afsláttarflokka á mitt.byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN